

Nd.

454. Frumvarp til laga

[211. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.

Flm.: Matthias Á. Mathiesen, Ragnar Guðleifsson, Sverrir Júlíusson,
Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem tilheyrir hefur samningssvæði varnarliðsins, en varnarliðið afsalaði 28. marz 1968.

2. gr.

Landssvæði það, sem hér um ræðir, takmarkast af línu, sem dregin er úr Hellunefi í Keflavíkurborg, þaðan í punkt 49 metra í vestur frá eldri vatnstank skv. mælingu Ágústis Böðvarssonar, dags. 29. júlí 1950, unz sú lína sker mörk lands Njarðvíkurbænda, og fylgir henni síðan til norðurs og takmarkast úr því af mörkum lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, eins og þau eru tilgreind í lögum nr. 51/1966.

3. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Keflavíkurkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggíngarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Keflavíkurkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórinn í Keflavík hefur f. h. bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar óskað eftir því, að frumvarp til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins, innan lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar, verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi.

Landssvæði það, sem hér er um að ræða, er ca. 350 ha.

